

## Kvenréttindafélag Íslands

# Femínismi 101

*Fundarstjóri er Harpa Rut Hilmarsdóttir og þátttakendur eru Hanna Björg Vilhjálmsdóttir kennari við Borgarholtsskóla, Steinunn Ólína Hafliðadóttir nýstúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og Þórður Kristinsson kennari við Kvennaskólann í Reykjavík.  
Ritari ágrips: Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir*

### Pallborðsumræður um kynjafræðikennslu í grunn- og framhaldsskólum

#### Fundarglósur:

#### Af hverju skiptir máli að vera með kynjafræðikennslu á öllum skólastigum?

- Eflir sjálfsmynd
- Hjálpar nemendum að greina valdaójöfnuð í samfélaginu
- Vinna markvisst að því að leiðrétta kynjamismunun í samfélaginu
- Eykur gagnrýna samfélagsrýni
- Praktískt nám, því samfélag okkar er byggt á kynjamisrétti
- Kynjafræðin er rauður þráður í öllu námi og hugsun, sker á allt.

#### Mikið hefur verið rætt um slæman námsárangur drengja, er kynjafræðikennsla eitthvað sem gæti bætt úr því?

- Það er margt í karlmenskunni sem er skaðlegt drengjum, t.d. að ekki læra, að ekki vera samviskusamur í námi, að ekki lesa. Félagsmótun er því skaðleg drengjum jafnt sem stúlkum.
- Kennarar sem ekki eru vaknaðir til meðvitundar um kynjamisrétti viðhalda kerfinu. Það þarf að efla kynjafræðikennslu á öllum stigum, líka í kennaraháskólum, til að gefa kennurum þá þekkingu að beita sér gegn ójafnrétti.

#### Nú er kveðið á um að kenna jafnrétti í aðalnámskrá. Af hverju gengur svona misvel að kenna jafnrétti/kynjafræði milli skóla?

- Það eru kennarar og nemendur sem þurfa að berjast fyrir því að kynjafræði er kennd. Stjórnendur skóla eru ekki að taka af skarið í að skipuleggja kynjafræðikúrsa.
- Það vantar kennara sem hafa áhuga og þekkingu á málinu
- Og svo er andstaða og andfemínismi í kennarastofunni.
- Jafnréttisnefnd Kennarasambands Íslands er nú að þrýsta á skólayfirvöld skólanna að kenna jafnrétti markvisst.
- Athugið, það er verið að brjóta landslög að ekki kenna jafnrétti! Af hverju er ekkert gert? Af hverju eru ekki allir brjálaðir?

#### Skiptir máli hver kennir kynjafræði? Hvernig kynjafræði er kennd?

- Já, segir Steinunn Ólína, sem lýsir því þegar hún sat kynjafræðitíma í sínum framhaldsskóla, kenndur af sálfræðikennara skólans, sem hafði lítinn áhuga á málinu. Sá tími var gagnlaus að hennar mati.
- Forsenda kennslu í kynjafræði er logandi femínismi, segir Hanna Björg.
- Það er hægt að kenna kynjafræði faglega/fræðilega, segir Þórður, en nauðsynlegt þó að tengja þessa kennslu við daglegt líf nemenda.

### Nú er talað um að allt nám eigi að hafa jafnrétti að leiðarljósi, er það nóg?

- Það er nauðsynlegt að konur séu sýnilegar í námsefni. *Ævar vísindamaður* er dæmi um hvernig góð kennsla eigi að fara fram, en vísindamenn sem hann kennir eru bæði karlar og konur og hann gætir að jafnræði.
- Konur hafa verið skrifaðar út úr sögunni. Við þurfum að skrifa söguna upp á nýtt!

### Nú er verið að stytta framhaldsskólanám. Mun þessi stytting minnka líkurnar á því að kynjafræði sé kennd?

- Þetta getur komið í veg fyrir að kynjafræði sé kennd, en það eru þó ákveðin sóknarfæri í því að nú sé verið að stokka upp námsskrá. Þá skapast rými til breytinga!

### Hvernig er með nemendafélög, eru þau með jafnréttisáætlanir?

- Sum nemendafélög með jafnréttisáætlanir en ekki öll. Margt vanhugsað í félagsstarfi nemendafélaga og nauðsynlegt að fylgjast með því að koma í veg fyrir sexíska umræðu.
- Nemendafélag Kvennaskólans í Reykjavík er með jafnréttisteymi á sínum vegum, og setur sér jafnréttisáætlun á hverju ári. Þau ritskoða t.d. öll myndbönd á vegum skólans.
- Nemendafélag Menntaskólans í Hamrahlíð er ekki með jafnréttisnefnd. En Embla, femínistafélag skólans, skoðar t.d. öll myndbönd. Femínistafélagið hefur verið öflugt að breyta félagsstarfi í skólanum. T.d. var öflug slúðurblaðamening, blöð komu út mánaðarlega sem gátu eyðilagt orðspor nemenda. Núna eru þessi blöð fréttablöð ekki slúðurblið.
- Það verður að fylgjast með því hver það er sem er að skemmta í viðburðum á vegum nemendafélaganna. Það vantar upp á að konur séu ráðnar til að skemmta á böllum.
- Það verður að efla þekkingu á femínisma meðal nemenda, er í tísku að vera femínisti en oft ekki þekking þar á bak við.

### SPURNINGAR ÚR SAL

#### Eiga skólayfirvöld og kennarar að rækta femínistafélög?

- Við eigum að gera femínistafélög sem sjálfbærust. En skólar eiga hiklaust að styðja við bakið á þeim.

#### Liggur kvenhatur á bak við kynjamisrétti í skóla.

- Það er misrétti í skólanum ekki af illvilja, heldur af þekkingarleysi

#### Karlar eiga erfitt með að tileinka sér femínisma

- Mikilvægt að karlar upplifi sig ekki sem sökudólga og konur upplifi sig ekki sem fórnarlömb. Kynjafræðin á að hjálpa okkur að vaxa, ekki láta okkur líða illa.

#### Eru femínistafélög í öllum skólum?

- Nei, femínískt starf gæti verið öflugra. Á sínum tíma, 2012, var stofnað Landssamband femínistafélaga framhaldsskólanna, en það dó því að sú ákvörðun var valin að ekki hafa talsmann. Þetta þýddi að enginn boðaði fundi. Þessi ákvörðun var tekin því að allt átti að vera á svo miklum jafnréttisgrundvelli að enginn talaði fyrir aðra.

### **Hvaða áhrif hefur kynjafræðikennsla á nemendur?**

- Það kviknar eitthvað í augunum. Þau vakna. Fylgjast meira með samfélaginu. Upplifa sig sterkari, meiri sjálfsþekking, betri mannþekking. Eru hamingjusamari, betri borgarar, gagnrýnni á samfélagið.
- ...Við erum að verða skást í heim... [mikið hlegið]
- Það eru þjóðarhagsmunir í kynjafræðikennslu, samfélagsleg farsæld. Þetta skiptir máli því að við viljum bestu manneskjuna í starfið, hvort sem hún er kona eða karl.

### **Snýst hvort verið sé að kenna kynjafræði ekki um valdabarárattu milli námsgreina?**

- Jú, svívirðilegt að stjórnendur hendi því í kennara að berjast fyrir sínu fagi.

### **Hvernig látið þið samkennara ykkar hugsa meira um kynjajafnrétti í sinni kennslu?**

- Kynjafræðin smitar út frá sér. Það er ekki verið að tala um landafræði í kennarastofum, heldur femínisma. Kynjafræðikennsla í skólum hefur áhrif á alla kennslu í skólanum. Nemendur verða líka gagnrýnni á skólastarf og námið eftir að hafa verið í kynjafræði.

### **Hvað gerðist? Af hverju er bakslag í jafnréttismálum. Ég fylgdist með Rauðsokkunum og Kvennalistanum, og við vorum sannfærð um að sigurinn væri unninn. Af hverju er ekki enn búið að ná fram jafnrétti?**

- Það er bakslag, engin kona er t.d. forstjóri fyrirtækis sem skráð er í íslensku kauphöllinni, það er bullandi klámvæðing, og nú undanfarið hefur komið fram hve konur eiga oft erfitt uppdráttar í stjórnámálum.
- En það er viðnám í skólakerfinu við þessu bakslagi.
- Það er erfiðara að vera ung kona í dag heldur en fyrir þrjátíu árum, og erfiðara fyrir karla að mörgu leyti líka.
- En ungar konur sem upplifa kúgun í dag eru líka hugaðri við að tjá sig um það, eins og kom t.d. fram í siguratriðinu í Skrekk 2015.
- ALLIR TAPA Á KYNJAMISRÉTTI!

### **Hvað er næst?**

- Við verðum að mennta kennara á háskólastigi í að kenna kynjafræði og við verðum að kenna kynjafræði á öllum skólastigum! segir Þórður.
- Efling, hvatning og glóð! segir Steinunn.
- Bylting! Kröfugöngur til að krefjast breytinga, fá foreldra til að hringja í skólayfirvöld og krefjast kynjafræðikennslu! segir Hanna.